

þrátt fyrir ölvun sína af fyrrgreindu áfengi, muni það vel að ákærður og enginn annar hafi verið með og afhent fyrrgreindum Skúla Pálssyni hana, að því er virðist í viðurvist þeirra beggja, og önnur atvik virðast ljóslega benda til þess, að svo hafi verið í raun og veru, þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða, og ölvun manna þessara á umræddu stigi, sem af brennivíni þessu urðu ennþá ölv-aðri eða drukknir, og er þá þar með sannað brot ákærða gegn 11 gr. áfengislaganna, nr. 64, 19. maí 1930, og virðist hegning sú, er hann hefir tilunnið, samkvæmt 32. gr. sömu laga hæfileg kr. 500.00, er greiðist í ríkissjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 31 dag, að undangengnu árangurslausu fjárnámi lögum samkvæmt. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns ákærða, lögfræðings Ásgeirs Guðmundssonar, er telst hæfileg vera kr. 40.00.

-----

Miðvikudaginn 8. júní 1932.

Nr. 40/1932. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Jóhanni Gunnlaugi Guðjónssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislagabrot.

*Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. jan. 1932:* Ákærður, vélstjóri Jóhann Gunnlaugur Guðjónsson, til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, greiði í ríkissjóð kr. 700.00 innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella afplánist sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi, með einföldu fangelsi í 37 daga. Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms fellur undir 10. og 11. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, og þykir refsing hans samkv. 31. og 32. gr., 1. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til rikissjóðs, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það athuga-vert, að héraðsdómarinn hefir eigi lagt fram í málinu hegningarvottorð kærða.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhann Gunnlaugur Guðjónsson, greiði 500 kr. sekt til rikissjóðs, en sæti 30 daga einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 40 kr. til hvors.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu ákærða, vélstjóra Jóhanns Gunnlaugs Guðjónssonar, til heimilis á Duusgötu nr. 7 í Keflavík, sem er 34 ára að aldri, og vitnisburði 2ja manna fyrir rétti 14. nóv. f. á., virðist það vera nægilega sannað, að hann sunnudagskvöldið 8. s. m. hafi selt öðrum þessara

manna, vinnumanni Ágúst Guðmundssyni, 1 flösku af whisky úti við, í nánd við heimili ákærðs, fyrir 15 kr., er ákærður veitti þá móttöku, en flösku þessa kveðst hann hafa keypt á Vopnafirði, af „dekkmanni“ á enskum togara, er ákærður var vélstjóri á m/b Guðjóni Pétri frá Keflavík, og í septembermánuði síðastliðinn seldi isfisk í togara þennan, sem ákærður eigi veit frekari deili eða nafn á, né heldur á manni þeim, er honum seldi flösku þessa, er hann greiddi fyrir 10 krónur, og hafi hann, sem mjög lítið sé vinnhneigður, ætlað sér að geyma flösku þessa til jólanna og þá til eigin neyzlu eingöngu, en vegna fjárkreppu hafi hann freistast til að selja flösku þessa í umrætt skipti.

Er hér um tvennskonar brot á áfengislögunum að ræða, eða fyrir smyglun og sölu áfengis, og heyrir undir 5. og 11. grein áfengislaganna nr. 64, 19. maí 1930, en með tilliti til þess, að umrædd whiskyflaska eigi hefir verið seld fyrir en ca. 2mr. mánuðum eftir að henni var smyglað inn í landið, samkvæmt skýrslu ákærðs, virðist hegningin eiga að ákveðast eftir fyrir mælum 27. gr. 2. liðs og 32. gr. oftgreindra laga, og telst hún eftir atvikum vera hæfileg kr. 700.00, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 37 daga einföldu fangelsi, að undangengnu árangurslausu fjárnámi lögum samkvæmt og renni sektin í rikissjóð. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

---

Mánudaginn 13. júní 1932.

Nr. 17/1932. **Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps**

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

**Guðmundi Péturssyni og gagnsök**

(Garðar Þorsteinsson).

Skaðabætur samkv. vegalögunum nr. 41. frá 1924 fyrir jarðrask og efnistöku.

*Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. nóv. 1931: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, f. h. hreppsfé-*